

Skýrsla náttúruverndarnefnda

Heiti nefndar: umhverfisnefnd

Sveitarfélag: Garðabær

Starfsár: 2019

1. Ástand og framkvæmdir á friðlýstum svæðum:

Ástand á friðlýstum svæðum í Garðabæ er gott. Fylgst er reglulega með svæðunum og tínt rusl.

Í friðlandi Vífilsstaðavatns er fuglalífið fjölskrúðugt og eru flórgoðar sérstaklega velkomnir gestir við vatnið. Áfram var hlúð að varpi flórgoða en það hefur verið gert árlega síðan vorið 2014. Til að hjálpa flórgoðunum að koma upp hreiðri og ungum hefur starfsfólk garðyrkjudeildar Garðabæjar sett út í Vífilsstaðavatn hreiðurstæði úr birki- og víðigreinum. Þessa aðstoð hafa flórgoðarnir þegið og nýtt sér til hreiðurgerðar og hafa þannig gert gestum friðlandsins mögulegt að fylgjast með atferli þessa sérstaka og skemmtilega fugls. Í sumar nýttu þrjú flórgoðapör sér tilbúin hreiðurstæði til hreiðurgerðar og eitt par byggði eigið flothreiður ofan á vatnagróðri sem fyrir var í vatninu. Á tímabilinu júlí og fram í ágúst taldi starfsmaður bæjarins, sem sinnir landvörslu á náttúrusvæðum í landi Garðabæjar, samtals 12 flórgoðaunga úr fjórum hreiðrum á Vífilsstaðvatni.

Ágangur ferðamanna og ferðaþjónustufyrirtækja er í Maríuhella sem skilja eftir sig ótal kerti og einnig er töluvert rusl skilið eftir í hellunum og nánasta umhverfi.

2. Ástand efnistökusvæða:

Engin efnistökusvæði í landi Garðabæjar.

3. Ólöglegar auglýsingar utan þéttbýlis:

Ekki vandamál.

4. Ólöglegur akstur utan vega og umgengni í óbyggðum:

Ekkert slíkt mál kom upp 2019.

Almannaréttur og útivist í sveitarfélaginu:

Lokið var við göngubrúarframkvæmd yfir rásina í Vesturmýri við Urriðavatn. Brúarframkvæmdin opnar gönguleið á Hrauntangann og umhverfis vatnið. Formaður umhverfisnefndar opnaði formlega brúna að viðstöddum fjölda gesta. Settir voru bekkir á malbikaðri leið næst Urriðaholti og að auki tveir bekkir á brúna.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti styrk til gerðar nýs bílaplans 2017 við upphaf gönguleiða á Búrfell en vegna þess að deiliskipulag var ekki tilbúið var fengin frestur á styrknum og var bílastæðið framkvæmt 2018 Þar er því hægt að taka á mótí rútum og fólksbílum og er aðstaða fyrir útivistafólk stórbætt auk bætts umferðaröryggis. Þá fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að gera endurbætur á gönguleið að Búrfelli bæði árið 2018 og 2019. Í sumar sáu umhverfishópar um að setja yfirborðsefni í stíga næst bílaplaninu og er nú framkvæmdum að fullu lokið á svæðinu.

Fræðsla á náttúruverndarsvæðum:

Fræðslu og sögugöngur

Þriðja árið í röð tók Garðabær þátt í verkefni Ferðafélags Íslands um lýðheilsugöngur alla miðvikudaga í september. Um leið er þetta áframhald sögu- og fræðslugangna sem menningar- og safnanefnd hefur staðið að í samstarfi við umhverfisnefnd og fleiri. Göngurnar hafa verið vel sóttar (70-115 manns) sem almenningur sækist eftir með fyrirspurnum um þá næstu. Efni ganganna hafa m.a. verið um sögu, fornleifar og náttúru.

Útikennsla við Vífilsstaðavatn

Umhverfisnefnd Garðabæjar hefur undanfarin 20 ár boðið grunnskólum bæjarins upp á útikennslu um lífríki Vífilsstaðavats. Frá upphafi (1999) hefur Bjarni Jónsson fiskifræðingur séð um útikennsluna ásamt aðstoðarfólki frá garðyrkjudeild Garðabæjar. Í ár fór útikennslan fram dagana 24.-26. september, þáttakendur voru 7. bekkingar frá Flataskóla, Hofstaðaskóla og Sjálandsskóla.

Útikennsla um fuglalíf á Álftanesi

Umhverfisnefnd styrkti fuglaskoðun nemenda í fimmta bekk grunnskóla Álftaness með útikennslu 21. maí 2019. Leiðbeinendur voru Jóhann Óli Hilmarsson og Dr. Ólafur Einarsson.

Fuglar í Garðabæ er kennslubók í vinnslu og áætluð fyrir 6.-9. bekkinga grunnskóla í Garðabæ. Höfundar eru Jóhann Óli Hilmarsson og Dr. Ólafur Einarsson.

Trjágróður í Garðabæ markmið um heilbrigðan og vel hirtan gróður í bæjarlandinu, fræðsluefnið *Gróður á lóðum* á www.gardabaer.is er reglulega uppfært af verkfræðistofunni EFLU.

Fræðslu- og söguskilti

Markvisst er unnið að gerð og uppbyggingu fræðslu- og söguskilta. Í ár var ekkert nýtt skilti sett upp. Eftirlit er með núverandi skiltum og þau endurnýjuð eftir þörfum. Fræðslu- og söguskilti Garðabæjar hafa verið hönnuð af Árna Tryggvasyni en Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur hefur séð um texta og kort.

5. Staða svæða á náttúruminjaskrá:

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030 var undirritað í byrjun apríl 2018. Þar eru náttúrusvæðin skilgreind í friðlýst svæði og svæði sem eru hverfisvernduð en þau er jafnframt á náttúruminjaskrá. Í greinagerðinni eru tilgreind þau svæði sem stendur til að friðlýsa.

6. Svæði sem njóta sérstakrar verndar:

Mörg svæði njóta sérstakrar verndar í landi Garðabæjar. Með tilliti til fornleifa má nefna nýtt deiliskipulag af Garðahverfi þar sem gamli tíminn fær að ráða. Styrkur til *Verndarsvæðis í byggð* var veittur af Húsfriðunarsjóði Minjastofnunnar árið 2017 fyrir áætlun uppbyggingar í Garðahverfi til að endurnýja byggð á svæðinu.

Garðahverfi varð verndarsvæði í byggð 24 október 2017. Skráning fornleifa með hnitsetningu var lokið í Garðabæ 2013. Árið 2018 var unnið að fornleifaskráningu í Vetrarmýri vegna breytingu á deiliskipulagi og einnig er unnið að fornleifaskráningu á Álftanesi vegna deiliskipulagsvinnu á miðsvæði, Bessastöðum, Norðurnesi og Holtstúni.

7. Rannsóknir og vöktun:

Vöktunaráætlun

Vöktunaráætlun fyrir Vífilsstaðavatn og Urriðavatn þar sem rannsaka á efnisflokka á fimm ára fresti var unnin fyrir umhverfisnefnd og samþykkt af bæjarstjórn 2015. Vöktunaráætlunin gerir ráð fyrir að geta borið þessi tvö vötn saman vegna ólíkrar stöðu þeirra en samt mikillar nálægðar. Efnisflokkarnir eru ýmsar efna- og mengunarmælingar, smádyr, háplöntur og svifþörungar, annað dýralíf s.s. fiskar, fuglalíf, en örverumælingar eru tvisvar á ári. Árið 2016 var tekin fyrir ítarleg rannsókn á efnum- og mengunarmælingum, sem Heilbrigðiseftirlitið hafði umsjón með f.h. umhverfisnefndar, skýrsla er aðgengileg á vef Garðabæjar www.gardabaer.is. Vöktun á lífríki þessara tveggja vatna hefur verið regluleg frá árinu 1998.

Rannsóknir á lífríki fugla eru tíðar síðasta skýrsla *Fuglar á helstu vötnum og mýrlendi í Garðabæ 2017*. Höfundar rannsóknarinnar eru Dr. Ólafur Einarsson og Jóhann Óli Hilmarsson.

8. Tillögur um friðlýsingar í sveitarfélaginu:

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá er í ferli friðlýsingar. Garðabær hefur óskað eftir því við Umhverfisstofnun að svæðið verði friðlýst að nýju. Samstarfshópur skipaður fulltrúum Garðabæjar, Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vinnur að endurnýjun friðlýsingarinnar.

Hrauntröð í Búrfellshrauni nánar í Urriðakotshrauni er í ferli friðlýsingar. Að beiðni Garðabæjar til Umhverfisstofnunar um að vinna að stofnun fólkvangs í Urriðakotshrauni. Samstarfshópur skipaður fulltrúum Garðabæjar, Umhverfisstofnunar, Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og landeigendum vinnur nú að undirbúningi að friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ sem fólkvangs.

Hlið breyting friðlýsingar: Er í ferli friðlýsingar. Samstarfshópur skipaður fulltrúum Garðabæjar, Umhverfisstofnunar og Umhverfis- og auðlindaráðuneyti vinnur nú að undirbúningi að breytingu á friðlýsingu fólkvangsins Hlið í Garðabæ. Felst breytingin í breyttum mörkum fólkvangsins og uppfærslu á friðlýsingaskilmálum til samræmis við núgildandi náttúruverndarlög. Við vinnu við stækkun fólkvangsins verður lögð áhersla á að verndun og nýting svæðisins fari saman með sem bestum hætti og munu friðlýsingarskilmálar taka mið af þeim áherslum.

Tillögur að deiliskipulagi friðaðra svæða Um er að ræða þrjú friðlýst svæði, friðlandið Gálgahraun, fólkvanginn Garðahraun neðra og fólkvanginn Garðahraun efra. Friðlandið Gálgahraun var friðlýst árið 2009 en fólkvangarnir árið 2014. Samkvæmt friðlýsingarskilmálum þá skal áður en til framkvæmda kemur inni á hinum friðlýstu svæðum vinna deiliskipulag svæðanna. Nú eru þær deiliskipulagsáætlanir í vinnslu á vegum skipulagsyfirvalda í Garðabæ, þ.e. hjá skipulagsnefnd, umhverfisnefnd og tækni-og umhverfissviði í samráði við Umhverfisstofnun. Tillögurnar eru unnar samkvæmt markmiðum friðlýsinganna og í samvinnu við Umhverfisstofnun.

Skerjafjarðarluta fram undan Álfanesi er áhugi fyrir að friðlýsa líkt og Skerjafjarðarluta Garðabæjar 2009. Sú friðlýsing er erfið í framkvæmd vegna fjölda landeigenda. Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags sameinaðs Garðabæjar verða þessi mál skoðuð.

9. Framandi ágengar tegundir:

10. Útbreiðsla skógarkerfils er áhyggjuefni. Til margra ára fékk skógarkerfillinn að dreifast út frá vanhirtri jörð Vífilsstaða sem áður var í eigu ríkisins en er nú í eigu Garðabæjar. Sumarheit hefur verið í landi Vífilsstaða á um 3,2 ha svæði, þar sem gerð var tilraun til að beita hrossum á svæðið til að hefta útbreiðslu skógarkerfils á svæðinu sem ógnar friðlandi Vífilsstaðavatns. Einnig er unnið á dreifingu skógarkerfils með orfaslætti og með því að stinga stakar plöntur upp með rót.

Hefting útbreiðslu lúpínu er áhyggjuefni innan friðlands Vífilsstaðavatns og nágrennis. Þar hefur verið unnið á lúpínunni með orfaslætti utan varptíma.

Bjarnarkló er eytt þar sem hún sáir sér út á opin svæði frá lóðum íbúa, sérstaklega gerist þetta á lækjarsvæðum.

11. Önnur mál:

- A. Nefndin fær beiðnir um umsagnir frá bæjarráði um ýmis umhverfismál.
- B. Nefndin fær til umsagnar skipulagstillögur. Þar á meðal eru tillögur að deiliskipulagsbreytingum af Lyngássvæði, Grundir, Hnoðraholti og Vetrarmýri og miðsvæði Álfanes. Hlið og Heiðmörk, einnig aðalskipulagsbreytingar.
- C. Vorhreinsun 2019 - hreinsunarátak í nærumhverfi með íbúum í apríl og maí, 38 hópar tóku þátt í verkefninu. Verkefnastjóri í garðyrkjudeild úthlutar svæðum sem eru m.a. í hraunum bæjarins, á opnum svæðum, meðfram lækjum og í fjörum. Hóparnir hljóta hvatningarstyrki um kr.50.000.- að launum. Góð þátttaka íbúasamtaka og félagasamtaka til fjáröflunar.
- D. Snyrtilegt umhverfi 2019 er árlegt verkefni umhverfisnefndar. Nefndin skoðar eftir innkomnum ábendingum og veitir viðurkenningar í júlí fyrir snyrtilegar lóðir íbúðarhúsa og lóðir fyrirtækja, ásamt vali á snyrtilegustu götunni.
- E. Mengunarmælingar lækja og stranda er alltaf í gangi með tveimur sýnatökum á ári undir vökulli eftirfylgni umhverfisnefndar í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Strendings verkfræðistofu og starfsmanna Áhaldahús Garðabæjar. Niðurstöður mælinganna eru lagðar fyrir umhverfisnefnd.
- F. Styrkumsóknir Umsókn um styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða – 2019. Garðabær fékk styrk til að vinna áfram að endurbótum á göngustíg að Búrfellsgjá og er því verkefni lokið. Í ár var skilað inn umsókn um styrk fyrir Hlíðarhring sem tengir saman Vífilsstaðavatn, Vífilsstaðahlíð, Hjallamisgengi og svo leið norðan við Grunnvötn að Víflisstaðavatni þar sem hringurinn lokast. Þetta er um 10 km hringur.
- G. Ársfundir Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda og forstöðumanna náttúrustofa og fleiri ráðstefnur og málþing er varða náttúruvernd og umhverfismál.
- H. Tillögur til fjárhagsáætlunar vegna umhverfismála voru sendar til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.
- I. Ástand friðlýstra svæða unnin skýrsla sem send var Umhverfisstofnun.

- J. Plast málefni Garðabær hóf sérsöfnun á plasti við heimili í samstarfi við Sorpu 1. mars 2018. Þá er unnið að því að draga úr plastmengun í rekstri sveitarfélagsins og innkaupa- og úrgangsstefna fyrir sveitafélagið hefur verið samþykkt.
- K. Tillaga um lengingu varptíma við Vífilsstaðavatn Í haust lagði Umhverfisstofnun Garðabæjar til að varptími í friðlandi Vífilsstaðavatns yrði lengdur og myndi gilda allan varp- og ungatímann og yrði framvegis skilgreindur frá 15. apríl til 15. ágúst. Fyrri varptími var 15.apríl-1.júlí. Á varptíma er hundum bannaður aðgangur í friðlandinu en utan varptímans eru hundar aðeins leyfðir í taumi. Tillagan var samþykkt í Bæjarráði 12. nóvember 2019.
- L. Göngu- og hjólateljarar Tveir teljarar voru settir upp á árinu. Í byrjun árs var settur upp gönguteljari á gönguleiðinni við Vífilsstaðavatn til að fylgjast með umferðinni á göngustígnum kringum vatnið. Þannig er hægt að gera sér grein fyrir gestafjölda, álagi á stígakerfi og náttúru friðlandsins. Þá var settur upp göngu- og hjólateljari á stíginn meðfram Reykjanesbraut. Að auki er gönguteljari á gönguleið Búrfells og göngu og hjólateljari á stígnum meðfram Hafnarfjarðarvegi sem settir voru upp um mitt ár 2018.
- M. Gaddavír og girðingar voru fjarlægðar úr Vatnsmýrinni fyrir neðan Vífilsstaðaspítala meðfram nýlegum útivistarstíg. Byrjað var á verkinu vorið 2018 og því lokið sumarið 2019. Hreinsunin er til mikilla bóta fyrir fuglalífið og lífríkið í mýrinni og einnig fyrir útlit svæðisins.